

Auka-ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna, haldinn  
fimmtudaginn 14. febrúar 2019 kl. 12:00 í húsakynnum FÍA Hlíðarsmára 8.



Geirþrúður Alfreðsdóttir stjórnarmaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hún gerði tillögu um að Rafn Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir frá Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lýsti fundinum lögmætum og gengið var til dagskrár.

#### 1. Ávöxtun og eignastýring 2018

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir ávöxtun, eignasamsetningu EFÍA 2018 svo og þróun markaða. Raunávöxtun var 1,8% á árinu 2018. Hjörleifur fór m.a. yfir samanburð á innlendum hlutabréfa- og skuldabréfasjóðum, niðurbrot ávöxtunar og helstu sundurliðun innan helstu eignaflokka sjóðsins. Einnig var farið yfir gengi sjóðsins það sem af er ári 2019 og farið yfir sýn eignastýringar fyrir 2019

#### 2. Tillögur til samþykktabreyting

Geirþrúður Alfreðsdóttir fór yfir hverja og eina tillögu að samþykktabreytingunum. Í tillögum þeim, sem á eftir koma, eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi í tengslum við stjórn EFÍA. Er meðal annars lögð til sú breyting, að fulltrúar FÍA í stjórn EFÍA verði kosnir af sjóðfélögum í beinni kosningu. Allar breytingatillögur snúa að stjórnarkjöri, tilhögun þess, skipun kjörnefndar og tilhögun ársfundar.

## AUÐKENNDAR BREYTINGARTILLÖGUR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA ÁSAMT SKÝRINGUM

*Sjóðfélagar kjósi fulltrúa FÍA í beinni kosningu*

*Í tillögum þeim, sem á eftir koma, eru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi í tengslum við stjórn EFÍA. Er meðal annars lögð til sú breyting, að fulltrúar FÍA í stjórn EFÍA verði kosnir af sjóðfélögum í beinni*

*kosningu. Allar breytingatillögur snúa að stjórnarkjöri, tilhögun þess, skipun kjörnefndar og tilhögun ársfundar.*

#### **gr. 4.1**

*Hér er lögð til sú breyting að fulltrúar FÍA í stjórn EFÍA verði ekki lengur tilnefndir af stjórn FÍA heldur kosnir af sjóðfélögum. Jafnframt verði varamenn FÍA kosnir. Gætt er að því að ekki sé kosið um alla stjórnarmenn FÍA á sama fundi og er það gert til að tryggja ákveðna samfellu í stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn, 3 tilnefndir af stjórn FÍA og 2 af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Jafnframt skal skipa jafnmarga varamenn af beggja hálfu og fimm varamenn. Tveir aðalmenn og tveir varamenn skulu tilnefndir af atvinnurekendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins, þrír aðalmenn og þrír varamenn skulu kjörnir af sjóðfélögum. Stjórnarkjör skal fara fram með rafrænni kosningu sjóðfélaga, sbr. gr. 4.2, til tveggja ára í senn. Hið fyrra ár skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn og seinna árið tvo aðalmenn og einn varamann. Þurfi aðalmaður eða varamaður að stíga til hliðar skal kjósa á næsta aðalfundi til þess tíma sem eftir stóð af stjórnarsetu viðkomandi. Um slík kjör gilda ákvæði samþykktá þessa eins og við á.

#### **gr. 4.1.a**

*Hér er um að ræða sérákvæði vegna upphafs kosningafyrirkomulagsins. Þar sem kjósa skal til skiptis, einn aðalmann og tvo varamenn fyrra árið og svo tvo aðalmenn og einn varamann, annað árið tilnefnir stjórn FÍA stjórnarmenn til eins árs til móts við kosninguna fyrsta árið.*

Sérákvæði er varðar upphaf framkvæmdar kosninga: Á ársfundi sjóðsins 2019 skal kjósa um tvo aðalmenn og einn varamann úr röðum sjóðfélaga. Stjórn FÍA skipar þá áfram til eins árs einn aðalmann og tvo varamenn. Á ársfundi sjóðsins 2020 skal kjósa einn aðalmann og tvo varamenn úr röðum sjóðfélaga enda lýkur kjörtímabili þeirra tveggja sem FÍA skipaði til eins árs á ársfundi 2019.


#### **gr. 4.2**

*Í grein 4.2 eru settar fram helstu reglur sem gilda um stjórnarkjör ásamt því sem stjórn er veitt heimild til að skipa sérstaka kjörnefnd og setja henni starfsreglur.*

Kjörtímabil fulltrúa í sjóðstjórn er að lágmarki eitt ár, og miðast það við ársfund sjóðsins. Kosning skal vera rafræn og byggja á sjóðfélagaskrá síðastliðin mánaðarmót fyrir ársfund. Kosning hefst á ársfundi og stendur í viku.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skipa kjörnefnd vegna stjórnarkjörs. Stjórn skal þá setja henni starfsreglur þar sem nánar greinir um samsetningu nefndarinnar og störf sem nefndin skal sinna í tengslum við kjörið, svo sem varðandi mat á hæfi frambjóðenda og mati á hugsanlegri samsetningu stjórnar. Skulu starfsreglur nefndarinnar miðast við að fylgt sé kröfum sem gilda um stjórnarmenn lífeyrissjóða á hverjum tíma.

Um stjórnarkjör gilda reglur meirihlutakosningu, þó þannig að hver sjóðfélagi skal kjósa stjórnarmann í hvert sæti. Tryggt skal að fylgt sé 29. gr. laga nr. 129/1997 um samsetningu stjórnar.



#### gr. 4.4

Vilji stjórnar stendur til þess að koma á hefðbundnu stjórnarfyrirkomulagi þar sem stjórn ákvarðar einnig varaformann sem getur þá tekið sæti formanns ef á þarf að halda.

Stjórnin kýs sér sjálf formann og varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum og ákveður röðun varamanna 1.,2.,3. sem taka sæti í forföllum aðalmanna. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við lög um starfsemi lífeyrissjóða, reglugerðir settum samkvæmt þeim og samþykktir þessar.

#### gr. 5.2

Atkvæðisrétt á ársfundi eiga sjóðfélagar sem greiða eða greitt er af til sjóðsins eða eiga geymd réttindi vegna iðgjaldagreiðslna í 2 ár og fer hver með eitt atkvæði. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé kveðið á um í samþykktum þessum. [Um stjórnarkjör fer í samræmi við gr. 4.](#)

#### gr. 5.3

Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu, vali endurskoðanda og tillögum sjóðstjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins. Á fundinum skal jafnframt ~~lýsi skipun stjórnar og launum stjórnarmanna~~ [tilkynnt um stjórnarlaun, stjórnarkjör sem fram fer skv. gr. 4.2 kynnt og greint frá tilnefningu aðalmanna og varamanna atvinnurekanda í samræmi við 4. gr.](#) Tillögur til ályktunar um önnur mál, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Ársfundur kýs sér fundarstjóra.

#### gr. 5.4

Í gr. 5.4 er gerð tillaga til að skerpa á orðalagi í tengslum við umboð sem sjóðfélagar veita öðrum til að sækja ársfund. Í tillögunni að orðalagsbreytingu mætti segja að umboðið taki til málfrelsis og tillöguréttar sem og atkvæðaréttar umboðsgjafa, vegna þeirra atkvæðagreiðslna sem fara fram á fundinum. Rafræn allsherjar atkvæðagreiðsla um samþykktabreytingar og stjórnarkjör er á hinn bóginn í höndum sjóðfélaga, ekki umboðshafa.

Ef sjóðfélagi getur ekki mætt á ársfund eða aukaársfund getur hann veitt öðrum umboð til að ~~fara með atkvæðisréti sínu~~ [sækja fundinn fyrir sína hönd](#). Umboðið þarf að vera skriflegt og vottað af tveimur vitundarvottum og bundið við tiltekinn fund.

Örnólfur Jónsson formaður FÍA tók til máls, hann lýsti ánægju sinni með þessar tillögur að samþykktabreytingum EFÍA. Stjórn FÍA telur þetta mikið framfara skref, þetta verður normið innan skamms, sagði hann. Við erum bara undan með þetta. Nú þegar eru til sjóðir sem eru komnir með sjóðfélaga lýðræði, öll stjórnin kosin. Núna eru 5 í stjórn og atvinnurekendur enn þá inni með 2 stjórnarmenn. Leitað var til Ícelandair um að þeir myndu fara úr stjórninni, en þeir höfnuðu því. SA



eru enn á því að svona eigi fyrirkomulagið að vera. Örnólfur sagði að auðvitað á það að vera þannig að þeir sem eiga peninga, eigi að stjórna þeim.

**Guðmundur Ólafsson** fyrst við gátum ekki losnað við þessa menn út úr stjórninni ætti þá ekki að taka þessa stjórnarmenn út af launaskrá og hætta að borga þeim laun ?

**Gylfi Magnússon**, hvað þarf að koma til svo þessu verði endanlega breytt og eingöngu sjóðfélagar verði í stjórninni ? Örnólfur sagði, við verðum sennilega að koma þessu inn í kjaraviðræðurnar.

Að lokinni kynningu og spurningum var opnað fyrir rafræna kosningu á vefsíðu EFÍA <http://efia.is>.

### 3. Önnur mál

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundi var slitið kl. 13:08



Rafn Jónsson  
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir  
Fundarritari